Kvika um kvikmyndir



Fáir fara oftar í bíó en Íslendingar og íslensk kvikmyndagerð er í mikilli uppsveiflu. Útvarpsþátturinn Kvika, sem er helgaður kvikmyndalistinni, verður á dagskrá Rásar 1 á laugardagsmorgnum klukkan 10.15 í vetur. Í þáttunum ætlar Sigríður Pétursdóttir kvikmyndafræðingur að fjalla um kvikmyndir frá öllum heimshornum, ýmsum tímabilum og af öllum gerðum. Rætt verður við fagfólk og áhugamenn, leikin tónlist og sagðar sögur af þeim marghátt-uðu upplifunum sem verða í myrkum bíósölum.






Þessa heims og annars

Sýningin Þessa heims og annars: Einar Þorlákssson og Gabríela Friðriksdóttir verður opnuð í Listasafni Árnesinga í Hveragerði klukkan 14 í dag.
Á sýningunni er samtal tveggja ólíkra og mjög afgerandi listamanna sem í verkum sínum kanna leiðir til þess að kortleggja sinn innri heim með myndmáli fantasíu og abstraksjónar. Sýningin stendur til 4. október og í tengslum við hana verður boðið upp á fræðsludagskrá í safninu.

Byggingarlist í öndvegi



Sýningin Byggingarlist í augnhæð verður opnuð í Norðursal Kjarvalsstaða í dag. Norðursalur er jafnan helgaður ungu fólki, sköpunargleði og góðri samverustund. Í sýningunni Byggingarlist í augnhæð er unnið út frá þeirri hugsjón að fræðsla og byggingarlist örvi upplifun og efli meðvitund ungs fólk um umhverfi sitt. Gestum er boðið að taka virkan þátt í sýningunni með því að byggja líkan úr trélistum og brjóta saman gogg með óvæntum spurningum um ýmislegt sem viðkemur byggingarlist Kjarvalsstaða. Sýningin tengist þróunarverkefni sem Arkitektafélag Íslands hefur átt frumkvæði að og er ætlað til kennslu í byggingarlist fyrir börn og ungt fólk. Sýningin stendur til 31. desember.



Menning á Þingeyrum

Boðið verður til mikillar hátíðar á Þingeyrum í Austur-Húnavatnssýslu á morgun, sunnudaginn 9. september. Þá verða 130 ár liðin frá vígslu Þingeyrakirkju, einnar elstu og merkustu steinkirkju landsins. Þingeyraklaustur var áður ein merkasta trúar- og menningarmiðstöð landsins. Jón Hlöðver Áskelsson tónskáld á hugmyndina að hátíðinni og hefur verið með hana í undirbúningi í á þriðja ár.
Dagskráin hefst með hátíðarguðsþjónustu klukkan 14 þar sem vígslubiskupinn á Hólum, Jón Aðalsteinn Baldvinsson, prédikar og mun hann ásamt séra Sveinbirni R. Einarssyni sóknarpresti þjóna til altaris. Klukkan 16 hefjast svo tónleikar í kirkjunni þar sem Hörður Áskelsson orgelleikari, Hrafnkell Orri Egilsson, sellóleikari, og kammerkór Akureyrarkirkju undir stjórn Eyþórs Inga Jónssonar frumflytja tvö tónverk eftir Jón Hlöðver Áskelsson sem samin hafa verið af þessu tilefni. Loks verður sýnt nýtt myndverk, *Súlur*, eftir Heimi Frey Hlöðversson. Verkið er myndtúlkun á samnefndu orgelverki Jóns Hlöðvers.

Innbyggt salerni
kr. 24.900



Innbyggður kassi,
spjald, wc skál og seta.

BAÐHEIMAR
Skútuvogi 4 - s. 525 0800
Baðdeild Álfaborgar

SÉRBLAÐ
BLAÐSINS Fullt af fróðleik og skemmtilegu efni

Heilsa



Auglýsingasímar:
Erling Adolf 510-3727
erling@bladid.net
blaðið
fyrir auglýsinguna þína í viðeigandi sérblaði
Hafðu samband og fáðu gott pláss

TEPPI Á STIGAGANGINN

HLJÓÐEINANGRANDI

AUÐVELD Í ÞRIFUM

OFNÆMISPRÓFUÐ

SLITSTERK

Grafika 2007

Stepp

GÓLFEFNI ÞEKKING ÞJÓNUSTA

Stepp ehf. | Ármúla 32 | Sími 533 5060 | www.stepp.is | stepp@stepp.is